

# Reglugjörð

32  
17. maí

## um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 82, 14. nóv. 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði.

### 1. gr.

Í reglugjörð þessari þýðir:

- a. »Loftskeytastöð«: útbúnaður eða áhöld sem nota má til þráðlausra firðviðskifta, hvers kyns sem þau eru.
- b. »Loftskeytamáður«: sá sem starfrækir tæki sem notuð eru til þráðlausra firðviðskifta.
- c. »Ráðuneytið«: Ráðuneyti Íslands.
- d. »Loftskeytatæki«: tæki sem notuð eru til þráðlausra firðviðskifta.

### 1. Um byggingu loftskeytastöðva.

### 2. gr.

Enginn má setja upp eða reka loftskeytastöð á Íslandi eða innan islenskrar landhelgi eða á skipum, sem skrásett eru á Íslandi, nema að þar til fengnu leyfi ráðuneytisins, er gefur út leyfisbrjef fyrir stöðina. Leyfisbrjef þetta eða staðfest afrit af því skal ávalt geymt á þeirri stöð, sem það er gefið út fyrir. Sje skilyrðum þeim er leyfisbrjefið tiltekur, ekki fullnægt, má afturkalla leyfið og taka áhöld stöðvarinnar niður.

### 3. gr.

Beiðni um leyfi til að setja upp og reka loftskeytastöð, skal senda landsímastjóra.

Útbúnaður skipastöðva verður að vera í fullu samræmi við VII. gr. alþjóðareglugjörðarinnar.

Ekki má opna stöðina til afnota fyr en viðurkenning landsímastjóra er fengin fyrir því að stöðin fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu.

### II. Útbúnaður og starfræksla einkastöðva á skipum.

### 4. gr.

Útbúnaður skipastöðva skal ávalt vera í fullu samræmi við skilyrði leyfisbrjefsins.

## 5. gr.

32

17. maí

Landsímastjóri ákveður þjónustutíma loftskeytastöðva á landi, fyrir hverja stöð fyrir sig.

Skipastöðvum er skift, með tilliti til þjónustutíma, í 3 flokka:

1. Stöðvar, sem opnar eru allan sólarhringinn.
2. Stöðvar, sem hafa takmarkaðan þjónustutíma.
3. Stöðvar, sem hafa engan ákveðinn þjónustutíma.

Þegar skipin eru á siglingu, verður á fyrsta flokks stöðvum að halda vörð við heyrnartólin allan sólarhringinn. Á annars flokks stöðvum skal halda vörð hinn ákveðna þjónustutíma og auk þess fyrstu 10 mínúturnar hvernar klukkustundar. Á þriðja flokks stöðvum er ekki skylt að halda vörð neinn ákveðinn tíma.

## 6. gr.

Allar skipastöðvar skulu þannig útbúnar, að hægt sje að senda og taka á móti skeytum á 300 og 600 metra öldulengd. 600 metrar er fyrirskipuð öldulengd skipastöðva.

Þó má gera undantekningu frá þessu og leyfa smærri skipum, sem ekki geta komið við 600 metra öldulengd, að nota 300 metra öldulengd til sendingar skeyta, en þess skal krafist að þau geti tekið á móti skeytum, sem send eru með 600 metra öldulengd.

Fyrsta og annars flokks skipastöðvar skal útbúa með varatækjum, sem hafa eigin aflvaka og geta starfað, að minsta kosti 6 klukkustundir samfleytt. Tækin skal setja á sem allra tryggastan stað og langdrag þeirra má ekki vera skemra en 80 sjómílar, hjer um bil 150 km., fyrir fyrsta flokks stöðvar og ca 50 sjómílar, hjer um bil 100 km., fyrir annars flokks stöðvar.

Á þeim skipum, sem þannig er gengið frá aðalloftskeytataækjunum að þau fullnægi þeim kröfum, sem gerð eru til varatækjanna, þarf ekki varatækjanna við.

## 7. gr.

Skipastöðvar skulu starfræktar af einum eða fleiri loftskeytamönnum, sem hafa prófskirteini útgefið af landssímastjóra.

Leyfa má loftskeytamönnum, sem hafa prófskirteini útgefið af erlendum ritsímastjórnnum, að starfrækja skipastöðvar, en þó ekki nema eina ferð í senn.

Prófskirteinið vottar meðal annars:

- a. Kunnáttu loftskeytamannsins í að fara með loftskeytataekin og þekkja tilgang þeirra.
- b. Að loftskeytamaðurinn sje fær um að taka á móti skeytum, (eftir heyrn) með þeim hraða er hjer segir:
  1. Þeir sem hafa 1. fl. prófskirteini, 20 orð á mínútnni.
  2. Þeir sem hafa 2. fl. prófskirteini, 12 orð á mínútnni.

32  
17. maí

c. Að loftskeytamaðurinn þekki reglugjörðir þær, sem notaðar eru í loftskeytaviðskiftum.

Jafnframt vottar prófskirteinið að loftskeytamaðurinn sje bundinn þagnarheiti og háður sömu lögum og simritarar landssímans hvað snertir brot á þagnarheitinu.

Loftskeytamenn, sem hafa 2. fl. prófskirteini, mega starfrækja þær skipastöðvar, sem að eins eru notaðar í þarfir skipsins eða skipshafnarinnar og sömu leiðis þær stöðvar, sem auk þess hafa að minsta kosti einn 1. fl. loftskeytamann.

Fyrsta flokks skipastöðvar eru skyldar að hafa að minsta kosti tvo 1. fl. loftskeytamenn. Prófskirteini loftskeytamanna skulu ávalt geymd í loftskeytaklefa skipsins, þar sem eftirlitsmenn landssímans geta sjeð þau.

### 8. gr.

Allar skipastöðvar eru skyldar til, svo framarlega sem því verður komið við, að eiga viðskifti við aðrar stöðvar, (land- eða skipa-stöðvar) án tillits til, hvaða kerfi þessar stöðvar nota. Viðskiftum milli skipa skal hagað þannig, að þau komi sem minst í bága við viðskifti landsstöðvanna, sem hafa venjulegan forgangsrjett.

Rekstri stöðvanna skal af fremsta megni haga þannig að aðrar stöðvar truflist ekki. Öll óþarfa merki og orð eru stranglega bönnuð. Tilraunir og æfingar mega því að eins eiga sjer stað, að aðrar stöðvar truflist ekki og skal þá nota minsta afl og þær öldulengdir, sem ekki eru fyrirskipaðar við opinber skeytaviðskifti.

Á höfnum inni mega skip ekki nota loftskeytataekin nema:

- a. Að þau sjeu í hættu stödd.
- b. Að þau sjeu í sambandi við skip sem eru í hættu.
- c. Að þau sjeu stödd í höfn, sem ekki er í símasambandi.
- d. Að þau einhverra hluta vegna geti ekki á annan hátt náð sambandi við land.

Að því er snertir lið c og d, verða skipin að fá leyfi þeirrar landstöðvar, sem samband næst við, til að nota loftskeytataekin.

### 9. gr.

Þegar þess verður talin þörf, lætur landsíminn fara fram skoðun á stöð hvers skips. Skoðunina framkvæma þeir menn sem landsímastjórinn skipar til þess og skal öllum fyrirskipunum þeirra og ráðstöfunum, að því er snertir tilhögun og starfrækslu stöðvarinnar, tafarlaust hlýtt. Skoðunarmenn skulu jafnan gefa landssímastjóra nákvæma skýrslu um ástand stöðvarinnar.

## III. kafli.

32

17. maí

*Meðferð skeyta o. fl.*

## 10. gr.

Allar loftskeytastöðvar, að þeim stöðvum undanskildum sem ætlaðar eru til einhverra sjerstakra viðskifta (sbr. 11. gr.), eru opnar til afnota fyrir almenning. Skeytunum er skift í 3 flokka:

1. Stjórnarskeyti.
2. Þjónustuskeyti.
3. Einkaskeyti.

Öll meðferð þessara skeyta á símalínunum er samkvæmt innlendu og alþjóða símareglugjörðinni. Afgreiðsla skeytanna milli loftskeytastöðvanna er ávalt í samræmi við XIV—XV, XIX—XL, XLV—XLIX gr. alþjóða reglugjörðarinnar fyrir þráðlaus firðviðskifti.

## 11. gr.

Skipastöðvar geta verið ætlaðar til:

- a. Almennra skeytaviðskifta.
  - b. Takmarkaðra skeytaviðskifta (t. d. vitaskip, kabilskip o. fl.)
  - c. Einka skeytaviðskifta (við ákveðin skip og útgerðarfjelog).
- Í almennum skeytaviðskiftum skal afgreiða þessi loftskeyti:

1. Skeyti með borguðu svari.
2. Skeyti með samanburði.
3. Skeyti sem sendist með pósti.
4. Skeyti með mörgum nafnkveðjum.
5. Skeyti með viðtökuskirt ini. Viðtökuskirteinin afgreiðast þó aðeins á símalínunum.
6. Borgaðar þjónustutilkynningar.
7. Hraðskeyti. Hraðskeytin afgreiðast eingöngu sem slík á símalínunum.

Allar stöðvar eru skyldar til að láta ganga fyrir öll skeyti og fyrirspurnir frá skipum, sem eru í hættu stödd.

Skipastöðvarnar bera enga ábyrgð á loftskeytaviðskiftunum.

Skipastöðvar, sem opnar eru til almennra viðskifta fá hjá landssímanum, gegn borgun, öll nauðsynleg eyðublöð, gjaldskrár o. fl.

Þessum stöðvum ber í öllu að haga sjer samkvæmt fyrir mælum lands-símastjóra, að því er snertir útbúnað og rekstur stöðvanna og meðferð skeyta.

## 12. gr.

Í skeytagjaldinu er innifalið:

1. Loftskeytagjaldið:
  - a. Landstöðvargjaldið, sem landstöðin fær.
  - b. Skipsgjaldið, sem skipsstöðin fær.

- 32 c. Umferðargjaldið, sem hlutaðeigandi millistöð (land- eða skipastöð) fær.  
17. maí 2. Ritsímagjaldið samkvæmt gildandi gjaldaskrá.

Landstöðvargjaldið hjer á landi er ákveðið 40 cts fyrir orðið, minst 4,00 frc. fyrir skeytið.

Skipsgjaldið ákveður eigandi skipsins með samþykki ráðuneytisins. Skipsgjaldið má ekki fara fram úr 40 cts fyrir orðið og lægsta gjald fyrir skeyti má ekki vera hærra en gjaldið fyrir 10 orð. Þjónustuskeyti um loftskeytin eru gjaldfrjáls. Þegar send eru þjónustuskeyti um skeyti, sem eingöngu hafa verið send með loftskeytum, eru þau gjaldfrjáls milli loftskeytastöðvanna en gjaldskyld á símalínunum. Blaðskeyti fyrir niðursett gjald eru ekki tekin.

#### 13. gr.

Alt gjaldið fyrir loftskeyti frá sendanda til viðtakanda greiðir sendandi á þeirri stöð, þar sem hann afhendir skeytið til sendingar. Ekki má krefja hærra gjald en gjaldskrárnar heimila.

#### 14. gr.

Peninga þá, sem koma inn á skipastöðvum fyrir skeyti, ábyrgjast hlutaðeigandi útgerðarfjelög.

#### 15. gr.

Skipastöðvarnar sendi landsímastjóra, helst einu sinni í mánuði, öll frumrituð loftskeyti og tilheyrandi fylgiskjöl.

#### 16. gr.

Með endurgreiðslu skeyta og reikningsskil til landssímans er farið eins og segir í XLI og XLII gr. alþjóða reglugjörðarinnar um þráðlaus firðviðskifti.

### IV. kafli.

#### *Um gaman (amateur-) og tilraunarstöðvar.*

#### 17. gr.

Óski einhver eftir að setja upp gaman- eða tilraunastöð, skal hann senda landsímastjóra beiðni þess efnis.

Umsækjandi verður að sanna fyrir landsímastjóra, að hann sje fær um að taka á móti og senda 10 orð á mínútunni og þekki helstu ágríp loftskeytafræðinnar. Með leyfisbeiðninni skal senda greinilega lýsingu og teikningu af stöðinni, sem á að setja upp. Ekki mega þessar stöðvar nota til sendingar hærri öldulengd en 200 metra.

Verði umsækjanda veitt leyfið, skal hann undirrita þagnarheit.

## V. kafli.

32

17. maí

*Önnur ákvæði.*

## 18. gr.

Ákvæði 8. gr. um notkun skipastöðva á höfnum inni, gildir einnig um erlend skip í íslenskri höfn.

## 19. gr.

Ráðuneytið getur bannað öll loftskeytaviðskifti innan íslenskrar landhelgi, bæði frá íslenskum og erlendum skipum og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt.

Einnig getur ráðuneytið látið hafa eftirlit með öllum loftskeytum, látið stöðva þau skeyti, sem að þess áliti, geta verið skaðleg velferð landsins.

## 20. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum allt að 10,000 kr. eða allt að 6 mánaða fangelsi, ef afbrotið varðar ekki þyngri hegningu. Óleyfilega gjörð eða notuð tæki skulu upptæk.

Með mál út af brotum gegn reglugjörðinni skal fara sem almenn lög-reglumál eða sakamál.

## 21. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Í stjórnarráði Íslands, 17. maí 1918.**

**Sigurður Jónsson.**

---

Oddur Hermannsson.